

Forsætisráðuneytið
Skrifstofa stjórnskipunar

Umsögn send rafrænt í samráðsgátt stjórnvalda

3. desember 2025

Efni: Skýrsla um hlutverk og starfsskilyrði embættismanna

Starfshópur um hlutverk og starfsskilyrði embættismanna hefur skilað forsætisráðherra skýrslu sinni, sem ber yfirskriftina *Kjölfesta í hringiðu lýðræðisins*. Forsætisráðuneytið óskar í samráðsgátt stjórnvalda eftir viðbrögðum og ábendingum varðandi tillögur starfshópsins og efni skýrslunnar að öðru leyti. BHM hefur kynnt sér efni skýrslunnar og vill koma eftirfarandi á framfæri.

Varðandi tillögur starfshópsins sem koma fram í 13. grein skýrslunnar er það mat BHM að það sé skynsamlegt að greina á milli embættismanna sem starfa hvað næst stjórnámálamönnum og annarra embættismanna eins og lagt er til í skýrslunni. BHM hefur ekki sérstaka skoðun á 7 ára skipunartíma en telur að sú umræða þarfnist dýpri og nánari umræðu þar sem greint er nánar á milli kosta og galla núverandi fyrirkomulags og annarra valkosta. BHM styður tillögu starfshópsins nr. 13.9 um að ráðist verði í úttekt á hæfni stjórnsýslunnar til að takast á við áskoranir samtímans, sambærilegar þeim sem gerðar hafa verið fyrir ýmis önnur OECD-ríki, sbr. umfjöllun í 7. kafla. Þá telur BHM skynsamlega tillögu um að pólitískir aðstoðarmenn ráðherra láti af störfum í aðdraganda þingkosninga, sbr. tillaga 13.8.

BHM telur að skoða þurfi af mikilli alvöru þá tillögu að stofna miðlæga skrifstofu eða einingu eins og fjallað er um í tillögu 13.7. Raunar telur BHM að útvíkka ætti þá tillögu þannig að slík miðlæg skrifstofa næði ekki einungis til embættismanna í P-flokki, eins og lagt er til, heldur hefði slík skrifstofa skilgreinda aðkomu að mannauðsmálum stofnana ríkisins og ráðuneyta í formi ráðgjafar og stuðnings sbr. umfjöllun í kafla 12.7.

Hvað umfjöllun um aðra ríkisstarfsmenn í kafla 6.11 varðar tekur BHM undir þau orð að stefna þyrfti að betra jafnvægi á milli réttinda og skyldna og aðlögunar að nútímalegum stjórnarháttum. Það mætti meðal annars gera með stuðningi miðlægrar skrifstofu sbr. umfjöllun hér að framan. Slík skrifstofa myndi veita stjórnendum hjá hinu opinbera nauðsynlega þjálfun og stuðning þegar kemur að mannauðsmálum. Annars er umræðan í kaflanum lítt rökstudd og virðist að nokkru leyti byggð á tilfinningum og skoðunum höfunda frekar en staðreyndum og því á köflum erfitt að bregðast við öðru því sem þar kemur fram.

Virðingarfyllt



Kolbrún Halldórsdóttir
formaður BHM